

# Ábyrgðarskilmálar:

## Almennt:

Ábyrgðarskilmálarnir í þessari yfirlýsingu, að því leyti sem lög leyfa, undanskilja ekki, takmarka eða breyta heldur eru til viðbótar lögbundnum réttindum sem gilda um sölu viðkomandi vöru. Í samræmi við lög um neytendakaup, nr. 48/2003 er kvörtunar frestur fimm ár ef um er að ræða smásölu stærri raftækja sem ætla má að hafi lengri lífstíma til neytenda. Ef um er að ræða sölu til annara lögaðila s.s. fyrirtækja og stofnanna er ábyrgðartíminn, þ.e. tímamörk til að bera fyrir sig galla á seldri vöru eitt ár frá því að seldum hlut var veitt viðtaka nema annað sé sérstaklega tekið fram.

## Ábyrgðin nær ekki yfir:

- Rekstrartengdar vörur (síur, olíur, kælimiðil o.þ.h.)
- Kostnað vegna ferða og vinnu vegna ísetningar varahluta
- Bilana vegna utanaðkomandi aðstæðna. (force majeure)
- Auka- eða varahluta sem settir eru í eða breytt af öðrum en viðurkenndum þjónustuaðila
- Bilana vegna rangra tenginga eða vanrækslu á viðhaldi og þjónustu s.s. óþrifar
- Bilana eða truflana í rekstri vegna rangrar notkunar
- Bilana vegna truflana á rafveitu, vatnslögnum eða hindrunar á loftflæði
- Bilana eða rekstrartruflana sem verða vegna bilana í tengdum búnaði frá þriðja aðila

Sama gildir um bilanir vegna breytinga á tækinu, stillinga á stjórnþúnaði eða þjónustu við það sem unnin er af öðrum en viðurkenndum aðilum.

## Ábyrgð á LG NORDIC PRESTIGE PLUS & NORDIC LIBERO PLUS frá 1. Júlí 2015

5 ára ábyrgð er á einstökum hlutum vegna hugsanlegra verksmiðjugalla ásamt vinnu við að skipta þeim út fyrstu 2 árin af ábyrgðartímabilinu. Undantekning er ábyrgð á pressu sem er 10 ár frá 1. júlí 2015. Ábyrgð þessi gildir um alla hluti sem sannanlega þarf að skipta út vegna galla á ábyrgðar tímanum og takmarkast við eðlilegan rekstur tækisins. Vanræksla við þjónustu og umhirðu tækisins sem tiltekin er í notendahandbók sem og aðstæður í umhverfinu sem ekki geta talist eðlilegar við rekstur tækisins geta valdið niðurfellingu á ábyrgð seljanda. Sama gildir um breytingar á tækinu eða þjónustu við tækið sem unnin er af öðrum en viðurkenndum þjónustuaðila. Ábyrgðartíminn hefst við afhendingu vöru eða útgáfu reiknings og framvísa verður honum í þeim tilvikum sem um ábyrgðartjón er að ræða. Ábyrgðin nær til bæði gallaðra hluta og viðgerðar sé tækið innan bæjarmarkna sölu & þjónustuaðila, annars gildir að allur kostnaður vegna ferða og upphalds vegna viðgerðar og sendingarkostnaður varahluta greiðist af kaupanda. Ábyrgðin nær bæði til gallaðra hluta og viðgerðar sé tækið innan bæjarmarkna sölu & þjónustuaðila, annars gildir að allur kostnaður vegna ferða og upphalds vegna viðgerðar og sendingarkostnaður varahluta greiðist af kaupanda. 1 árs ábyrgð er tekin á vinnu við uppsetningu tækisins, ábyrgðin hefst við gangsetningar dag. Í ákveðnum tilvikum getur kaupandi fengið afhenta varahluti og séð um skipti þeirra enda sé verkið framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðila og miðast við að hin gallaða vara sé send seljanda án tafar. Ein af ástæðum þess að Lofttækni ehf hefur komið sér upp sölu- og þjónustuneti í samstarfi við viðurkenda aðila út um landið er til þess að stytta leiðir, sem stórlega dregur úr kostnaði fyrir kaupandann ásamt því að vera skilvirkara að öllu leyti.

## **Ábyrgð á á LG NORDIC PRESTIGE, PRESTIGE PLUS, LIBERO PLUS & ARTCOOL til 30. júní 2015**

5 ára ábyrgð er á einstökum hlutum vegna hugsanlegra verksmiðjugalla ásamt vinnu við að skipta þeim út fyrstu 2 árin af ábyrgðartímabilinu. Ábyrgð þessi gildir um alla hluti sem sannanlega þarf að skipta út vegna galla á ábyrgðar tímanum og takmarkast við eðlilegan rekstur tækisins. Vanræksla við þjónustu og umhirðu tækisins sem tiltekin er í notendahandbók sem og aðstæður í umhverfinu sem ekki geta talist eðlilegar við rekstur tækisins geta valdið niðurfellingu á ábyrgð seljanda. Sama gildir um breytingar á tækinu eða þjónustu við tækið sem unnin er af öðrum en viðurkendum þjónustuaðila. Ábyrgðartíminn hefst við afhendingu vöru eða útgáfu reiknings og framvísa verður honum í þeim tilvikum sem um ábyrgðartjón er að ræða. Ábyrgðin nær til bæði gallaðra hluta og viðgerðar sé tækið innan bæjarmarka sölu & þjónustuaðila, annars gildir að allur kostnaður vegna ferða og upphalds vegna viðgerðar og sendingarkostnaður varahluta greiðist af kaupanda. Ábyrgðin nær bæði til gallaðra hluta og viðgerðar sé tækið innan bæjarmarka sölu & þjónustuaðila, annars gildir að allur kostnaður vegna ferða og upphalds vegna viðgerðar og sendingarkostnaður varahluta greiðist af kaupanda. 1 árs ábyrgð er tekin á vinnu við uppsetningu tækisins, ábyrgðin hefst við gangsetningar dag. Í ákveðnum tilvikum getur kaupandi fengið afhenta varahluti og séð um skipti þeirra enda sé verkið framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðila og miðast við að hin gallaða vara sé send seljanda án tafar. Ein af ástæðum þess að Lofttækni ehf hefur komið sér upp sölu- og þjónustuneti í samstarfi við viðurkenda aðila út um landið er til þess að stytta leiðir, sem stórlega dregur úr kostnaði fyrir kaupandann ásamt því að vera skilvirkara að öllu leyti.